


Dóms- og kirkjumálaráðuneytið

Forsjá





Hverjir fara með forsjá barns og hvað er átt við með forsjá?

Barn á rétt á forsjá foreldra sinna, annars eða beggja. Foreldrar í hjúskap og foreldrar í skráðri sambúð fara sameiginlega með forsjá barna sinna en móðir barns sem er hvorki í hjúskap né skráðri sambúð við fæðingu barns, fer ein með forsjá þess.

Að foreldri fari með forsjá barns þýðir m.a. að foreldri á rétt og ber skylda til að ráða persónulegum högum barns og ákveða búsetustað þess. Forsjárforeldri er einnig fjárhaldsmaður barns síns samkvæmt lögræðislögum. Forsjá barns felur í sér skyldu fyrir foreldrið til að vernda barnið gegn ofbeldi en foreldrum ber auk þess að annast barn sitt og sýna því umhyggju

og virðingu og þeim ber að hafa samráð við það áður en ákvarðanir eru teknar um málefni þess eftir því sem aldur og þroski barnsins gefur tilefni til.

Ef forsjá er sameiginleg fara báðir foreldrar með framangreindan rétt og skyldu hvort sem þeir eru í hjúskap, skráðri sambúð eða hafa slitið samvistir.

Hvenær er forsjá sameiginleg?

Eins og að framan greinir fara foreldrar í hjúskap og foreldrar í skráðri sambúð sameiginlega með forsjá barna sinna. Forsjáin er áfram sameiginleg eftir skilnað eða slit skráðrar sambúðar nema annað sé ákveðið, með samningi foreldra eða dómi.

Samningar um sameiginlega forsjá

Foreldrar, sem ekki fara sameiginlega með forsjá barns síns, hafa t.d. aldrei búið saman, geta samið um að fara saman með forsjána. Sýslumaður verður að staðfesta slíkan samning, annars hefur hann ekki gildi og áður en sýslumaður staðfestir samning um forsjá á hann að leiðbeina foreldrum um hvaða þýðingu samningurinn hefur.

Heimilt er að gera tímabundna samninga um forsjá en þó ekki til skemmri tíma en sex mánaða. Ef gerður er samningur um tímabundna forsjá færist forsjá til fyrra horfs að þeim tíma liðnum sem samningurinn tekur til.

Sameiginleg forsjá og lögheimili

Foreldrar, sem ekki búa saman en fara sameiginlega með forsjá barns, hvort sem hún er til komin sjálfkrafa eftir sambúðarslit eða samkvæmt samningi, verða að komast að samkomulagi um hjá hvoru þeirra barnið á að eiga lögheimili. Talað er um að barnið eigi að jafnaði fasta búsetu þar sem það á lögheimili en að það njóti umgengnisréttar eða samvista við hitt foreldrið á tilteknum tímum. Það eru ýmis réttaráhrif bundin við lögheimilið og lögheimilisforeldrið nýtur réttarstöðu einstæðs foreldris. Þannig greiðir foreldrið, sem barnið á ekki lögheimili hjá, hinu foreldrinu meðlag og aðrar greiðslur

eru einnig tengdar lögheimili barns, svo sem barnabætur samkvæmt lögum um tekjuskatt og mæðra- og feðralaun samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

Sameiginleg forsjá og umgengni

Sameiginleg forsjá þýðir ekki sjálfkrafa að barn búi að jöfnu hjá báðum foreldrum. Foreldrar verða að koma sér saman um hvernig umgengni á að vera, þ.e. umgengni barnsins og foreldrisins sem það á ekki lögheimili hjá. Foreldrar hafa mjög frjálsar hendur þegar kemur að því að semja um umgengnina og geta jafnvel samið um að barn búi á víxl hjá foreldrum, ef þeir telja það koma barni sínu best, en barnið á þá lögheimili hjá öðru þeirra. Ef foreldrar geta ekki komið sér saman um umgengnina úrskurðar sýslumaður um hana, en við ákvörðun sýslumanns um umgengni er miðað við þá meginreglu barnalaga að barnið eigi fasta búsetu hjá öðru foreldra sinna en njóti reglulegrar umgengni við hitt foreldrið.

Sameiginleg forsjá og meðlag

Foreldrar, sem ekki búa saman, þurfa líka að ákveða hvernig þeir vilja haga meðlagsgreiðslum þegar forsjá er sameiginleg. Barnalögin ganga út frá því að foreldrið sem barnið á fasta búsetu hjá sinni framfærsluskyldu gagnvart barninu með því að veita því fæði, klæði



og húsnæði og með því að bera þann almennt fasta kostnað sem hlýst af því að hafa barnið búsett hjá sér. Hitt foreldrið, sem barnið býr ekki hjá að jafnaði og það á ekki lögheimili hjá, á lögum samkvæmt að greiða hinu foreldrinu að lágmarki einfalt meðlag, en einfalt meðlag er jafnhátt barnalífeyri, eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma samkvæmt lögum um almannatryggingar. Það ber því að greiða meðlag með barni hvort sem forsjá þess er sameiginleg eða hjá

öðru foreldrinu. Foreldrar geta alltaf samið um hærra meðlag en einfalt en ef ágreiningur rís um hvort greitt skuli aukið meðlag getur sýslumaður úrskurðað í því ágreiningsmáli. Sýslumaður getur úrskurðað foreldri, með sameiginlega forsjá, til að greiða aukið meðlag ef hann telur foreldrið ekki fullnægja framfærsluskyldu sinni gagnvart barninu. Við mat á því atriði kemur m.a. til skoðunar hversu mikið barn dvelur hjá meðlagsforeldrinu og hvort það foreldri

innir af hendi greiðslur vegna framfærslu barnsins umfram hið einfalda meðlag. Slík atriði koma á hinn bóginn almennt ekki til skoðunar í meðlagsmálum þegar aðeins annað foreldrið fer með forsjá barns.

Hvað felur sameiginleg forsjá í sér?

Eins og segir hér að framan felur forsjá í sér rétt og skyldu fyrir foreldra til að taka ákvarðanir um persónuleg málefni barns. Þegar foreldrar búa saman og fara sameiginlega með forsjá barns síns er sjaldnast erfiðleikum bundið að taka slíkar ákvarðanir en ef ágreiningur rís verður hann hvorki borinn undir sýslumann né dómara. Það getur á hinn bóginn orðið flóknara að taka ákvarðanir þegar forsjáin er sameiginleg og foreldrar búa ekki saman og þá vakna spurningar um hvaða ákvarðanir foreldrar þurfi að taka sameiginlega og hvaða ákvarðanir annað foreldranna megi taka.

Þegar forsjá er sameiginleg er gert ráð fyrir því að foreldrar taki sameiginlega allar meiriháttar ákvarðanir sem varða barn. Ef foreldrar búa ekki saman hefur það foreldra sem barn á lögheimili hjá á hinn bóginn heimild til að taka minniháttar ákvarðanir um hversdagslegar þarfir barns. Erfitt er að skilgreina hvað er meiriháttar og hvað er minniháttar ákvörðun og skoðanir manna geta verið skiptar á því. Þetta er hvergi skilgreint sérstaklega í lögum. Það eru þó dæmi um að í lögum sé

sérstaklega áskilið að samþykki beggja foreldra þurfi til ákvarðana um málefni barns þegar forsjá er sameiginleg og það á t.d. við um utanlandsferðir barns, þar sem í barnalögum segir að ekki megi fara með barn úr landi ef forsjá er sameiginleg nema báðir foreldrar samþykki. Þá má almennt ekki gefa út vegabréf fyrir barn nema báðir forsjáforeldrar samþykki samkvæmt lögum um vegabréf. Í lögum um skráð trúfélög segir að foreldrar sem fara saman með forsjá barns skuli sameiginlega ákveða inngöngu þess í eða úrsögn úr trúfélagi og í mannanafnalögum segir að nafnbreyting barns undir 18 ára aldri sé háð því skilyrði að báðir forsjármenn barns standi að beiðni um nafnbreytingu.

Þegar áskilið er í lögum að „forsjáforeldrar“ þurfi að koma að ákvörðun varðandi barn verður almennt að líta svo á það taki til beggja foreldra sem fara sameiginlega með forsjá barns. Í hjúskaparlögum segir að dóms- og kirkjumálaráðuneytið geti veitt leyfi fyrir því að ungmenni undir 18 ára aldri stofni til hjúskapar en að leita verði afstöðu forsjáforeldra. Afstaða beggja verður að liggja fyrir ef forsjá er sameiginleg. Í lögum um grunnskóla segir að forráðamaður barns beri ábyrgð á að það innritist í og sæki skóla og verður að ætla að sú skylda hvíli á báðum forsjáforeldrum. Þetta svarar þó ekki spurningunni um hvort báðir foreldrar verði að standa að innritun barns í skóla. Almennt myndi það þó væntanlega teljast minniháttar ákvörðun að innrita barn í

viðeigandi hverfissskóla en öðru máli kann að gegna um þá ákvörðun að innrita barn í skóla utan skólahverfis. Í lögum um réttindi sjúklinga segir að foreldrar sem fara með forsjá barns skuli veita samþykki fyrir nauðsynlegri meðferð barns undir 16 ára og verður að telja að leita þurfi samþykkis beggja foreldra sem fara saman með forsjá.

Í einstökum lögum kunna einnig að finnast sérstök ákvæði og á það við um barnaverndarlög. Þar segir að barnaverndarnefndir geti með samþykki foreldra gert tiltekna ráðstafanir varðandi barn og er sérstaklega tekið fram að nægilegt sé að það foreldri sem barn býr hjá samþykki ráðstafanirnar þegar forsjá er sameiginleg og foreldrar búa ekki saman.

Hjá Þjóðskrá hefur skapast sú almenna verklagsregla að krefjast ekki samþykkis beggja foreldra þegar foreldri sem barn á lögheimili hjá óskar eftir að flytja lögheimili sitt og barns síns innanlands.

Eins og áður segir hefur foreldrið sem barn á lögheimili hjá heimild til að taka minniháttar ákvarðanir varðandi barn. Almennt verður því að líta svo á að það hafi heimild til þess að standa eitt að ákvörðunum um þátttöku barns í hefðbundnu íþrótt- og æskulýðsstarfi o.þ.h., og ákvörðunum um venjuleg ferðalög innanlands, sumarbúðadvöl o.s.frv., a.m.k. ef það skarast ekki við umgengni barns við hitt foreldrið. Á sama hátt getur foreldri, sem hefur

sameiginlega forsjá en nýtur umgengni við barn, eitt ákveðið þátttöku þess í samskonar starfi á þeim tíma sem það dvelst hjá því foreldri í umgengni.

Til minniháttar ákvarðana myndu einnig alla jafna teljast ákvarðanir um klæðaburð barns, matmálstíma og svefntíma o.þ.h.

Rísi óleysanlegur ágreiningur milli foreldra um persónuleg málefni barns síns eða einstakar ákvarðanir getur það leitt til þess að foreldrar verði að slíta samkomulagi sínu um sameiginlega forsjá.

Er hægt að breyta sameiginlegri forsjá?

Sameiginleg forsjá foreldra, sem ekki búa saman, byggist alltaf á því að samkomulag sé um þá skipan enda geta þeir hvenær sem er krafist þess að sameiginleg forsjá falli niður. Ef báðir foreldrar eru sammála um að fella sameiginlega forsjá niður geta þeir gert samning um að annað þeirra fari með forsjá barns en sýslumaður verður að staðfesta slíkan samning svo hann öðlist gildi.

Ef annað foreldra barns vill ekki að forsjá þess verði áfram sameiginleg getur það óskað eftir niðurfellingu sameiginlegrar forsjár og farið fram á að fá forsjá barnsins. Nærtækast er að byrja á því að leita til sýslumanns í slíkum tilvikum en sýslumaður kynnir hinu foreldrinu beiðnina, boðar það til viðtals

og leiðbeinir um málið. Ef samkomulag tekst um breytta forsjárskipan staðfestir sýslumaður samninginn. Ef á hinn bóginn ágreiningur rís um forsjána býður sýslumaður foreldrum ráðgjöf sérfræðings. Markmiðið með ráðgjöfinni er að reyna að hjálpa foreldrum að komast að samkomulagi um forsjána enda er farsælast fyrir barn ef foreldrum þess tekst að semja um forsjána. Foreldrum er ekki skylt að þiggja ráðgjöf þótt sýslumanni sé að jafnaði skylt að bjóða þeim hana. Ef ráðgjöfin eða sáttaumleitnin, eins og hún er líka kölluð, skilar ekki þeim árangri að foreldrar nái samkomulagi getur annað foreldrið stefnt hinu fyrir dóm og krafist forsjár barnsins.

Dómari getur ekki ákveðið með dómi að forsjá barns skuli vera sameiginleg. Lögum samkvæmt ber honum að skera úr um hvort faðir eða móðir skuli fara með forsjána.

Forsjá stjúpforeldris

Áður hefur komið fram hvenær forsjá er í höndum beggja foreldra, en forsjá barns getur einnig verið í höndum annars foreldrisins og stjúpforeldris. Þannig segir í barnalögum að gangi foreldri, sem fer eitt með forsjá barns síns, í hjúskap eða taki upp sambúð með öðrum en hinu foreldrinu sé forsjá barnsins einnig hjá stjúp- eða sambúðarforeldrinu, enda hafi skráð sambúð í þjóðskrá staðið samfleytt í eitt ár.

Forsjá eftir andlát foreldris

Ef foreldrar fara sameiginlega með forsjá barns og annað þeirra fellur frá heldur hitt foreldrið áfram, sjálfkrafa, að fara með forsjá barnsins.

Ef forsjá barns er í höndum annars foreldris og það foreldri er hvorki í hjúskap né skráðri sambúð færist forsjáin sjálfkrafa til hins kynforeldrisins við andlát forsjáforeldris.

Ef forsjá barns er í höndum annars foreldris sem er í hjúskap eða skráðri sambúð fer stjúpforeldrið með forsjá barnsins ásamt forsjáforeldrinu, sbr. hér að framan. Við andlát forsjáforeldrisins helst forsjáin hjá stjúpforeldrinu, en því má breyta með samningi eða dómi ef það er talið barninu fyrir bestu.

Verði barn forsjárlaust vegna andláts forsjáforeldra hverfur forsjá þess til barnaverndarnefndar.



Nánari upplýsingar má fá hjá sýslumönnum og í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. <http://www.domsmalaraduneyti.is/barnalog>

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið

Desember 2006

ISBN-9979-884-38-X